

STJÓRNARTÍÐINDI B 65 — 1988

25. nóvember 1988

1283

Nr. 498

REGLUGERÐ

um bann við veiðum við Ingólfshöfða.

1. gr.

Frá og með 26. nóvember 1988 eru allar togveiðar og dragnótaveiðar bannaðar á svæði, sem markast af fjöruborði að norðanverðu og línur sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 64° 02' 2 N – 16° 10' 5 V
2. 63° 40' 0 N – 16° 10' 0 V
3. 63° 44' 0 N – 16° 20' 0 V
4. 63° 45' 0 N – 16° 30' 0 V
5. 63° 43' 8 N – 16° 38' 3 V
6. 63° 38' 9 N – 17° 49' 8 V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlst þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Við gildistöku reglugerðar þessarar fellur úr gildi reglugerð nr. 475 25. október 1988 um bann við veiðum við Ingólfshöfða.

Sjávarútvegsráðuneytið, 25. nóvember 1988.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Gylfi Gautur Pétursson.

28. október 1988

Nr. 499

AUGLÝSING

um umferð í Kópavogi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50, 30. mars 1987 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogs, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Kópavogi:

1. Stöðubann skal vera á suðurkanti Kópavogsbrautar frá Suðurbraut að Meðalbraut.
2. Stöðubann skal vera á suðurkanti Hraunbrautar frá húsi nr. 15, þ.e. Hábraut að húsi nr. 37.
3. Stöðubann á suðurkanti Austurgerðis frá Urðarbraut að Hraunbraut.

B 90

28. október 1988

1284

Nr. 499

Reglur þessar eru settar skv. heimild í 2. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 50, 30. mars 1987 og koma til framkvæmda þegar í stað.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga, um umferð í Kópavogi, sem brjóta í bága við ákvæði auglýsingar þessarar.

Lögreglustjórinn í Kópavogi, 28. október 1988.

Ásgeir Pétursson.

14. nóvember 1988

Nr. 500

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 178, 8. apríl 1988, um gjald af erlendum lánnum, leigusamningum o.fl.

1. gr.

Í viðauka með reglugerð nr. 178/1988 skal bætast eftirtalið tollskrárnúmer:

3917.3900

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í V. kafla laga nr. 10/1988, um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum 1988 og með vísan til 3. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 178/1988, öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 14. nóvember 1988.

F. h. r.

Lárus Ögmundsson.

Ari Edwald.

10. nóvember 1988

Nr. 501

AUGLÝSING

um staðfestingu deiliskipulags miðbæjar Garðabæjar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 2. nóvember 1988 staðfest deiliskipulagsupprátt af miðbæ Garðabæjar.

Uppráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir. Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins mælt með því að hann verði staðfestur.

Félagsmálaráðuneytið, 10. nóvember 1988.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.